

A group of young people are shown in silhouette against a light, gradient background. They are holding up black signs. The central sign has white text in Icelandic. To the left, another sign is held high but is blank. The group consists of men and women of various builds and styles, representing a diverse youth population.

**UNGT FÓLK  
TIL ÁHRIFA**

## Hey þú, unglingur!

Ert þú þreyttur á því að vera talinn einskis nýtur, latur heimskur og áhugalaus? Langar þig að prófa eitthvað nýtt? Í þessum bæklingi verður skrifað um ungmennalýðræði og útlistað hvernig ungt fólk getur komist til áhrifa í sínu samfélagi. Við fjöllum um ungmennaráð og aðrar stofnanir sem hjálpa ungu fólki að koma sínum skoðunum á framfæri og hugmyndum sínum í verk. Við fjöllum um Evrópusamstarf og hvernig hópar ungmenna geta fengið að fara í ungmennaskipti á kostnað Evrópusambandsins, til að kynnast starfsháttum álíka hópa í útlandinu.

Ungmennaráð, UNICEF, Ungliðahreyfingar, Ungmennaskipti. Þetta er allt til staðar, lærðu að nýta þér það.

### Ungmennaráð Vesturbæjar 2008-2009

*Árni Lárusson    Katrín Lárusdóttir*

*Ásdís Kristjánsdóttir    Jón Þorbjarnason*

*Lilja Einarisdóttir    Sigríður Ólafsdóttir*

*Unnsteinn Manuel Stefánsson    Gunnar Ingi Magnússon*

# VILTU KOMAST TIL ÁHRIFA?

## Ungmennaráð og ungmennalýðræði

Í ungmennaráðum Reykjavíkur starfa unglingar á aldrinum 13-18 ára í eitt ár í senn. Skólar hvers hverfis fyrir sig tilnefna fulltrúa en ráðin starfa undir hatti félagsmiðstöðvanna/frístunda-miðstöðvanna.

Úr hverju ungmennaráði í hverfunum eru tveir fulltrúar valdir til þess að mynda Reykjavíkurráð og er það samstarfsvettvangur allra ungmenna borgarinnar til að miðla tillögum til borgarstjórnar Reykjavíkur. Einnig veita þau þátttakendum í ráðunum fræðslu og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og vettvang til að þjálfa sig í þeim.

# KOMDU Í UNGMENNARÁÐIN

Í ungmennaráðum Reykjavíkur starfa unglingar á aldrinum 13-18 ára í eitt ár í senn. Skólar hvers hverfis fyrir sig tilnefna fulltrúa en ráðin eru undir félagsmiðstöðvunum komin.

Ungmennaráðin voru stofnuð árið 2001 af Íþróttta og tómstundasviði Reykjavíkur. Þau tóku sinni tíma í að komast á skrið en undanfarin misseri hafa þau verið gríðarlega virk. Sem dæmi má nefna að Reykjavíkurráð fundar með borgarstjórn einu sinni á ári og hefur þar komið mörgum úrbótum í gegn í þágu ungmenna borgarinnar.

## Þeir sem sem starfa á vettvangi fyrir ungt fólk

Á Íslandi starfa nokkur félög og stofnanir fyrir ungt fólk. Þau sem bera mest á eru Unicef á Íslandi og Hitt húsið. Bæði félögin starfa í þágu ungs fólks hérlendis og stuðla að auknu jafnræði þeirra. Þessi félög bjóða upp á marga möguleika fyrir ungt fólk og eru ákveðinn tengiaðili fyrir þau út í íslenskt þjóðfélag.

Á Íslandi eru starfandi mörg ungmennafélög þar sem ungt fólk getur haft meiri áhrif og miðlað skoðunum sínum til annarra jafnaldra sem og stjórnvalda.

### UNICEF á Íslandi

- Unicef starfar út um allan heim og eru hjálparsamtök sem hjálpa bágstöddum í heiminum.
- Á Íslandi starfa samtökin í þágu íslensks samfélags.
- Helstu markmið Unicef á Íslandi eru að afla fjár fyrir verkefni Unicef, tryggja réttindi barna á Íslandi, vera fulltrúi Unicef á Íslandi og hvetja ungt fólk og börn til virkar þátttöku í samfélaginu.
- Unicef á Íslandi býður upp á margar möguleika fyrir fólk sem vill styrkja þessi samtök, t.d tónleika, mánaðarlega styrki og almenna fjársöfnun.
- Ungmennaráði UNICEF Ísland er ætlað að veita börnum og ungu fólki vettvang til að láta raddir sínar heyrast og hafa áhrif á umhverfi sitt.
- Hlutverk ungmennaráðs UNICEF Ísland er að vera til ráðgjafar fyrir íslensku landsnefndina og gegna lykilhlutverki í að virkja börn og ungmenni til starfa í þágu barna hérlendis sem og erlendis. Unnið skal að vitundarvakningu ungs fólks og samfélagsins alls um réttindi barna og þróunarmál.
- <http://www.unicef.is/>

## HITT HÚSIÐ

- Hitt húsið er menningar- og upplýsingarmiðstöð þar sem ungu fólki er veitt ýmis aðstoð og ráðgjöf, t.d. ráðgjöf til að koma hugmyndum sínum til framkvæmdar.
- Markmið Hins hússins eru að endurspegla menningu ungs fólks, að veita upplýsingar og leiðbeina ungu fólki í samstarfi við aðra fagaðila og samtök, að vera miðstöð ungs fólks í leit að sumarstarfi og að vera vettvangur fyrir félagsleg úrræði og ráðgjöf fyrir ungt fólk.
- Í Hinu Húsinu stendur ungu fólki ýmis ráðgjöf og stuðningur til boða. Þetta starf er í stöðugri mótun eftir þörfum samfélagsins og þörfum ungs fólks. Starfið er margvíslegt en er fyrst og fremst til staðar fyrir ungt fólk sem þarf á að halda stuðningi, fræðslu og/eða ráðgjöf.
- Hitt húsið skipuleggur ýmis félagsleg verkefni sem eiga erindi við ungt fólk hverju sinni, svarar fyrirspurnum og upplýsir ungt fólk um þau félagslegu úrræði sem eru í boði í samfélaginu.
- <http://www.hitthusid.is/>

## Amnesty International

- Amnesty International er alþjóðleg hreyfing fólks sem berst fyrir því að allir fái að njóta alþjóðlegra viðurkenndra mannréttinda.
- Félögum misbýður þau mannréttindabrot sem eiga sér stað um heim allan en sameinast í von um betri heim – og því berjast þeir fyrir auknum mannréttindum með mannréttindastarfi og alþjóðlegri samstöðu.
- Amnesty hefur rúmlega 2,2 milljónir félagsmanna og stuðningsaðila í yfir 150 löndum og landsvæðum.
- <http://www.amnesty.is/>

## Evrópa unga fólksins

Á hverju ári hlýtur íslenska ríkið styrk uppá 200 milljónir íslenskra króna til þess að nota í verkefnið Evrópa Unga Fólksins. Verkefnið er hluti af Ungmennaáætlun Evrópusambandsins eða Youth in Action.

Í rauninni er Evrópa unga fólksins styrkjaáætlun sem er ætluð ungu fólki í Evrópu á aldrinum 13- 30 ára. Þar eru veittir styrkir til fjölbreyttra verkefna - t.d. ungmennaskipti, frumkvöðlaverkefni, lýðræðisverkefni, sjálfboðaverkefni, þjálfun og samstarf og námskeið.

## Ungmennaskipti

Ungmennaráð Miðbæjarskóla fór á dögumum í heljarinnar reisu til Aþenu í Grikklandi. Markmið verkefnisins var að kynna sér líf og störf grískra ungmenna í höfuðborginni.

Hópur grískra ungmenna tók á móti þeim og gistu krakkarnir í heimahúsum. Meðal þess sem krakkarnir skoðuðu var Akrópólíshæð. Grísku krakkarnir höfðu komið fyrir í vetur til Íslands í svipuðum tilgangi og skemmtu sér mjög vel.

Ferð íslensku krakkana endaði svo með mikilli kvöldvöku þar sem borðað var grískt lamb og skoðaðar ljósmyndir frá atburðum liðinna daga, sem og Íslandsferð Grikkjanna.

## Lýðræðisverkefni

Lýðræðisverkefni svipa mjög til ungmennaskipta. Aðal munurinn felst hinsvegar í pólitísku starfi og umræðum sem fara fram á meðan á dvöl ungmennanna stendur. Í febrúar árið 2009 fór hópur íslenskra krakka til Lahti í Finnlandi í lýðræðisverkefni.

Íslenski hópurinn, fulltrúar Ungmennaráðs Vesturbæjar skoðuðu aðstæður í félagsmiðstöðvum finnsku krakkanna og heimsóttu nemendaráð Menntaskólans í Lahti. Á þeim fundi voru ræddar mismunandi vinnuaðferðir ungmennaráða á Íslandi og Finnlandi hvað væri gott og hvað mætti betur fara.



## Sjálfböðabjónusta

Sumarið 2005 fór Jónas Már Kristjánsson að kenna krökkum í Liverpool fótbolta í sjálfböðavinnu. Jónas er velmenntaður ungur maður úr Garðabænum. Ásamt því að vera búinn að vinna í greiningadeild Glitnis kennir hann kúrs í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík. Hann er áræðinn og mjög duglegur. Hann hefur aldrei vantað neitt, alltaf liðið vel og hefur lítið sem ekkert þurft að hafa fyrir hlutunum.

Einn daginn fannst honum sem hann vantaði eitthvað. Kærastan beið heima, vinirnir voru til staðar og allt var eins og það átti að vera. Honum fannst samt eitthvað vanta. Á leiðinni heim eftir vinnu rifjaði hann upp orð ömmu sinnar;

*"Mundu bara að ytri aðstæður skipta ekki máli. Það er ekki nóg að eiga allt. Hamingjan kemur innan frá. Til að upplifa þessa hamingju verður maður að veita öðrum hjálparhönd"*

*"Líklega, besta sumar lífs míns!"  
- Jónas Már Kristjánsson*

Alla nóttina rifjaði hann upp orð ömmu sinnar og lá því eiginlega andvaka. Um hádegisbil daginn eftir horfði hann á úrslit meistardeildarinnar Liverpool - AC Milan. Á meðan á leiknum stóð áttaði Jónas sig á því að upphalds hlutirnir í lífi hans eru fótbolta og að kenna. Fótbolta og kennsla, að hjálpa öðrum er það sem veitir honum mesta ánægju í lífinu. Hann sló því til og hafði samband við Evrópu Unga Fólksins. Þau fundu fyrir hann stöðu sem fótboltakennari í Liverpool í tvo mánuði yfir sumarið.

## Markmið

Markmið Ungmennaáætlunarinnar Evrópusambandsins eru að:

- Stuðla að virkum ríkisborgarrétti ungs fólks almennt, sérstaklega evrópskum ríkisborgararétt þeirra.
- Þróa samstöðu og stuðla að umburðarlyndi meðal ungs fólks, sér í lagi að hlúa að félagslegri samsvörun innan ESB.
- Hlúa að gagnkvæmum skilningi meðal ungs fólks í ólíkum löndum.
- Auka gæði stuðningskerfa fyrir starfsemi tengda ungmennum og getu borgaralegra samtaka á sviði ungmenna.
- Efla samvinnu Evrópulanda á sviði æskulýðsmála

Nánari upplýsingar.

<http://www.euf.is/euf/>



Education and Culture DG

This publication has been funded by the European Commission.  
The Commission accepts no responsibility for the contents of the publication.